

Alþingi
Erindi nr. P 131/1314
komudagur 15.4.2005



Samtök verslunar og þjónustu
Federation of Trade & Services

Nefndasvið Alþingis
Heilbrigðis og trygginganefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

15. apríl 2004


Umsögn SVÞ - Samtaka verslunar og þjónustu um frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum nr. 93/1994 og lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990

SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu geta í meginatriðum fallist á þær breytingar sem felast í frumvarpinu en vilja þó gera eftirfarandi tvær athugasemdir:

Í b. lið 6. gr. frumvarpsins eru þær skyldur lagðar á alla þá sem hyggjast hefja samhliða innflutning lyfja að tilkynna það til markaðsleyfishafa lyfsins og Lyfjastofnunar. Þessi tilkynningaskylda til markaðsleyfishafa er mjög óeðlileg vegna þess að um samkeppnisaðila er að ræða og því myndi slík tilkynningaskylda gefa markaðsleyfishafa tækifæri til að hindra viðskipti þess sem hyggst hefja samhliða innflutning. Með þessu móti er verið að hindra eðlilega samkeppni í innflutningi og sölu samhliða lyfja. Hins vegar telja SVÞ það vera eðlilegt að tilkynningaskylda skuli ná til Lyfjastofnunar.

SVÞ mótmæla einnig þeim áformum, sem koma fram í frumvarpinu, að auka hugsanlega álagningarhlutfall lyfjaeftirlitsgjaldanna. Ekki verður séð að stjórnvöld taki tillit til hærri eftirlitsgjalds með íhlutun sinni í smásöluálagningu lyfja. Yfirvöld stjórna að miklu leyti smásöluálagningu lyfja og ættu því ekki að íþyngja lyfjasmásölum með auknum eftirlitsgjöldum nema þeim verði bætt upp þessi aukna gjaldtaka. Eðlilegra er að fjármagn til eftirlitsins verði fengið úr ríkissjóði eða úr öðrum opinberum sjóðum.

Virðingarfyllst,
Fh. SVÞ – Samtaka verslunar og þjónustu


Emil B. Karlsson